

Viðtakandi: Bæjarstjórn Mosfellsbæjar,  
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri  
og stjórnendur Varmárskóla

Mosfellsbær 14. maí 2018

Efni: Varmárskóli - viðhald og búnaður

Varmárskóli er kominn til ára sinna enda tekinn í notkun fyrir meira en hálfri öld. Síðan hafa Lágafellsskóli og Krikaskóli bæst við og nú bráðum Helgafellsskóli. Aðrir skólar eiga það sameiginlegt að hafa verið byggðir á tímum þar sem gert er ráð fyrir tengingum og búnaði sem telst nauðsynlegur í nútíma skólahúsnæði. Má þar nefna: netlagnir og búnað, skjávarpa og hljóðkerfi ásamt tengingum, myrkragardínur, sólarfilmur o.fl. Í þessu efnum situr Varmárskóli ekki við sama borð og aðrar skólabyggingar í Mosfellsbæ og því hlýtur að vera í gangi áætlun sem tryggir að börnum bæjarins sé ekki mismunað. Þá hefur viðhald skólans setið á hakanum frá hrúni og tímabært að gera bragarbót þar á. Til að mynda hefur borið á talsverðum lekum sem er ekki boðlegt og hafa foreldrar áhyggjur af því að mygla geti verið þar til staðar. Mögulega gæti það útskýrt veikindi hjá bæði starfsmönnum og börnum. Þak yngri deildar er illa farið, skipta þarf víða um leka glugga, huga að endurnýjun á lögnum og klæða yngri deild að utan svo húsið standist íslenskt veðurfar. Staðan er ekki betri í íþróttamiðstöðinni á Varmá þar sem starfsmenn hlaupa um með handklæði og fötur í vatnsveðri, veggir eru bólgnir vegna raka og músagangur með tilheyrandi óþrifnaði.

Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla óskar eftir fundi sem fyrst til að fara yfir stöðu mála og að farið verði yfir eftirfarandi atriði varðandi viðhald og búnað skólans:

1. Er til áætlun til skemmri og/eða lengri tíma um viðhald Varmárskóla, íþróttahúss að Varmá og leiksvæðis þar í kring? Ef svo er, er unnið eftir henni og fylgir fjármagn?
2. Þar sem vitað hefur verið um lekavandamál bæði í Varmárskóla og íþróttamiðstöð að Varmá í talsverðan tíma. Hefur verið gengið úr skugga um að mygla sé ekki til staðar og

skoðað sérstaklega ástand á þaki og veggjum þar sem lekavandinn hefur verið hvað mestur?

3. Er gerð regluleg úttekt á búnaði skólanna (borð, stólar, hljóðkerfi, skjávarpar, tölvur/fartölvur/spjaldtölvur, gardínur, sólarfilmur, tækjabúnaður til kennslu í náttúrfræði, verk- og listgreinum, o.s.frv.) sem tryggir að nauðsynlegur búnaður sé til staðar og uppfærður eftir þörfum?
4. Er til aðgerðaráætlun sem tryggir að aðbúnaður Varmárskóla (viðhald og nauðsynlegur búnaður) sé ekki lakari en annarra skóla?
5. Er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til Varmárskóla til að tryggja að öll börn í Mosfellsbæ sitji við sama borð varðandi aðbúnað? Ef svo er, hversu háa upphæð er um að ræða og til hvaða verkefna er það fjármagn ætlað?
6. Eru sólarfilmur og/eða gardínur í skólastofum og sölum Varmárskóla? Ef ekki, þykir ásættanlegt að nota þurfi neyðarútganga til að reyna að þrauka við í loftleysinu (dæmi: stofa 117 í yngri deild og fleiri sem snúa í sömu átt)?
7. Hefur verið gerð úttekt á aðbúnaði og skipulagi matsals Varmárskóla eins og rætt var um á fundi foreldra með skólaskrifstofu í ársbyrjun? Ef já, til hvaða úrræða verður gripið fyrir haustið?
8. Hefur farið fram áhættumat á skólalóð Varmárskóla? Ef ekki, hversu mörg óhöpp/slys hafa orðið á skólalóðinni síðustu þrjú skólaár?
9. Eru til verklagsreglur varðandi hálkuvarnir á skólalóðum, göngustígum sem liggja að skólanum og gangstéttir í kringum skólana? Ef svo er, er farið eftir þeim og hver ber ábyrgð á eftirfylgni?

Með von um skjót viðbrögð,

Stjórn Foreldrafélags Varmárskóla